

Ed.

304. Frumvarp til laga

[143. mál]

um flokkun og mat ullar.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

I. KAFLI

1. gr.

Öll óþvegin ull, sem framleidd er í landinu og til sölumeðferðar kemur, skal flokkuð og metin eftir lit og gæðum samkvæmt flokkunar- og matsreglum, er ullarmatsformaður setur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

2. gr.

Hver ullarframleiðandi er skyldugur að skila ullinni í merktum umbúum. Skylt er kaupanda að meta ullina strax við móttöku, enda hafi framleiðandi þegar flokkað ullina samkvæmt gildandi flokkunarreglum. Komi ullin óflokkuð frá framleiðanda, má matið fara fram í ullarþvottastöð, enda fái framleiðandi skýrslu um matið.

II. KAFLI

Um mat á þveginni ull.

3. gr.

Öll þvegin ull, sem til sölumeðferðar kemur, skal metin af ullarmatsmönnum, ef kaupandi eða seljandi óskar þess. Nánari reglur um útflutning ullar má setja með reglugerð.

III. KAFLI

Um skipun og störf starfsmanna við ullarmat.

4. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn eftir tillögum yfirullarmatsmanna.

Landbúnaðarráðherra skipar yfirullarmatsmenn samkvæmt tilnefningu ullarmatsformanns. Skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á ullarmati og meðferð ullar með því að hafa áður starfað að ullarmati eða á annan hátt.

Yfirullarmatsmenn skulu vera fjórir, og hafi hver þeirra ákveðið starfssvæði.

Landbúnaðarráðherra skipar ullarmatsformann, er skal vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í öllu því, sem að ullarframleiðslu, meðferð ullar og ullarmati lýtur. Skal hann og veita ullarmatsmönnum og yfirullarmatsmönnum fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar, og er yfirullarmatsmönnum og ullarmatsmönnum skylt að haga ullarmatinu eftir fyrirmælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um ullarmatið.

Landbúnaðarráðuneytið tiltekur nánar starfssvið hans, eftir því sem þurfa þykir. Nánari ákvæði um starfssvið ullarmatsmanna skal setja í reglugerð.

5. gr.

Ullarmatsformanni og yfirullarmatsmönnum skulu greidd laun úr ríkissjóði í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

Laun ullarmatsmanna greiða þeir aðilar, sem taka á móti ull frá framleiðendum.

6. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sitt árlega og líta eftir ullarmati og leiðbeina ullarmatsmönnum við störf þeirra. Þeir skulu og í ferðum sínum leiðbeina mönnum í meðferð og frágangi ullar eftir því sem við verður komið.

Ferðakostnað sinn fá þeir greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, sem landbúnaðarráðuneytið úrskurðar.

7. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara sæta sektum frá 5 000 til 100 000 krónur, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi lög um ullarmat eru lög nr. 107 frá 11 ágúst 1933 með breytingum samkv. lögum nr. 118 1947. Þessi lög voru miðuð við mat á heimavveginni ull og eru því löngu úrelt.

Reglur um flokkun og merkingu á ull til útflutnings og erindisbréf fyrir ullarmatsmenn samkvæmt lögum nr. 107/1933 voru settar 1. apríl 1935. Hinn 10. júlí 1944 voru staðfestar reglur um flokkun og mat á óþveginni ull, en þær voru felldar úr gildi 5. júlí 1950.

Ullarmatsformaður samdi reglur um mat og flokkun á óþveginni ull og merkinu eftir þvott hinn 22. okt. 1953. Þá samdi ullarmatsformaður reglur um mat á óþveginni ull í ullarþvottastöðvum hinn 15. ágúst 1961, og enn fremur reglur um móttöku-flokkun á óþveginni ull í mars 1973.

Reglur þær, sem ullarmatsformaður hefur samið eftir 1950, hafa ekki hlotið staðfestingu, enda hefur skort lög til að styðjast við um flokkun og mat á óþveginni ull.

Nú kemur öll ull óþvegin á markað frá framleiðendum. Skortur á lagaákvæðum og staðfestum matsreglum hefur valdið því að ekki hefur verið hægt að fylgja því eftir, að öll innlögð ull væri flokkuð eða metin eftir gæðum. Af þessu hefur leitt að þegar milkil samkeppni hefur verið milli ullarkaupenda hefur ekki verið hægt að koma í veg fyrir, að ull væri keypt án flokkunar.

Verslun með óflokkaða ull hefur eðlilega ýtt undir þann hugsunarhátt, að mikill ullarþungi væri aðalkeppikefli framleiðandans en gæðin skiptu minna máli.

Hin síðari ári hefur ullariðnaður í landinu stórauðist, og útflutningur á iðnaðarvarningi úr ull hefur farið sívaxandi. Á sama tíma hefur meðferð og umhirðu ullarinnar hrakað frá því sem áður var. Hefur skort mikið á sum árin, að sú ull, sem vaxið hefur á fé landsmanna, hafi komið til skila til innleggs.

Samkvæmt tölum frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur ullarmagn af hverri kind, sem rúin er á 5 ríkisbúum á 7—11 ára tímabili numið 2,2 kg að meðaltali á ári. Virðist varlega áætlað, að meðalullarmagn á kind fyrir landið í heild sé 2.0 kg.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda vetrarfóðraðs fjár, magn óþveginar ullar í tonnnum, sem til innleggs kom og innlagt ullarmagn í kg af vetrarfóðraðri kind ásamt því ullarmagni í tonnnum, sem á vantar að komi til skila í landinu, þegar miðað er við, að hver kind eigi að geta skilað 2 kg ullar á ári.

	1970	1971	1972*)
Fjöldi vetrarfóðraðs fjár	780 571	735 543	786 234
Innlagt ullarmagn, tonn	1 067.7	1 096.8	1 313.2
Innlagt ullarmagn, kg/kind	1.37	1.49	1.67
Vantar til innleggs, tonn	493.5	374.2	259.3

Ástæðan fyrir því, að ullin hefur ekki komið betur til skila, hefur fyrst og fremst verið allt of lágt ullarverð til bænda. Afleiðingin af þessu hefur verið að færst hefur í vöxt hin síðari ár, að fé væri látið ganga í ull yfir sumarið og ekki rúíð fyrir en að hausti, en þá er ullin oftast einskis virði.

Ullargæðin hafa verið mjög misjöfn. Nálægt 20% ullarinnar hefur farið í það laka gæðaflokka, að erfitt eða ómögulegt hefur verið að nota hana í íslenskum iðnaði. Mikið er hægt að bæta ullarframleiðsluna og auka hana með bættri meðferð og allri umhirðu.

Sú nýjung hefur rutt sér verulega til rúms hin síðari ár að rýja fé á húsi síðari hluta vetrar, þ. e. í febrúar, mars eða apríl. Vetrarrúin ull er að öllum jafnaði mun betra hráefni heldur en vorrúin ull og flokkast mun betur.

Til þess að vetrarrúningur eigi rétt á sér, þarf góð fjárhús, góða fóðrun og umhirðu og næg hey, hvernig sem árar. Sé þessum skilyrðum fullnægt, er sjálfsagt að hvetja til vetrarrúnings. Yrði hann almennur, kæmi ullarframleiðslan mun betur til skila en nú er og ullargæði ættu að batna til stórra muna.

Ullarmatið á að vera hlutlaus dómur um gæði framleiðslunnar. Nauðsynlegt er einnig, að framkvæmd laga þessara stuðli að aukinni nýtingu, bættri meðferð og bættum eðlisgæðum ullarinnar. Til þess að svo megi verða, þarf verðlagningin. bæði verið sjálft og mismunur eftir gæðaflokkum að hvetja til þessarar þróunar.

Í lagafrumvarpi þessu og reglugerð er orðið „flokkan“ notað um þá skiptingu ullar í gæðaflokka, sem framleiðandinn framkvæmi. en „mat“ um endanlegan dóm opinberra matsmanna um gæði ullarinnar. Hér á eftir koma nánari skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

*) Ekki endanlegar tölur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinargerð þessari fylgir uppkast að reglum um flokkun og mat ullar. Í þeim reglum er gert ráð fyrir, að flokkun og mat verði einfalt í meðferð og ekki vinnufrekt, en mörk milli flokka skýr.

Um 2. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir, að bændur flokki ullina sjálfir heima fyrir eftir gildandi flokkunarreglum. Ull sú, sem þannig er heima flokkuð, skal metin strax við móttöku. Með þessu fyrirkomulagi vinnst tvennt. Framleiðandi vandar betur meðferð og frágang ullarinnar, þegar hann skilar henni flokkaðri, og móttökumatið verði einfaldara og ódýrara. Gera má ráð fyrir, að bændur komist fljótt upp á að flokka ullina rétt, og við þessi vinnubrögð aukist þekking þeirra og áhugi á framleiðslunni. Ef í ljós kemur, að bændur hafa ekki áhuga á að flokka ullina sjálfir og mat á óflokkaðri ull við móttöku reynist kostnaðarsamt, er gert ráð fyrir svipuðu mati og nú fer fram á sérmerktri ull í ullarþvottastöðvunum. Rétt er að taka fram, að Búnaðarþing hefur gert ákveðnar samþykktir um nauðsyn þess að koma á móttökumati á ull. Þá er nauðsynlegt að vekja athygli á, að verulegur verðmunur verður að vera á flokkaðri ull og óflokkaðri.

Um 3. gr.

Þvegin ull mun nú oftast seld eftir sýnishornum, en þó er talið rétt, að opinbert mat fari fram á henni, ef kaupandi eða seljandi óska þess.

Um 4.—6. gr.

Í greinum þessum er fjallað um starfsmenn við ullarmat. Er fyrirkomulag á ráðningu, starfstilhögun og kostnaði við störf þeirra í aðalatriðum í samræmi við ákvæði laga um kjötmat.

Um 7.—8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.